

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 3.janúar 2025

Efni: Umsögn um skýrslu um kolefnismarkaði – áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi, Mál nr. S-231/2024, 155. Löggjafarþing.

Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra; SAF - Samtök ferðaþjónustunnar, SFS - Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SVP - Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir nefnd **samtökin**) hafa tekið til umsagnar nýútgefna skýrslu um kolefnismarkaði. Skýrslan greinir stöðu kolefnismarkaða á Íslandi, kannar tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og metur möguleika stjórnvalda til að nýta þessa markaði við að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Megináhersla er lögð á valkvæða kolefnismarkaði sem hafa þróast hratt undanfarin ár. Að mati samtakanna dregur skýrslan fram bæði áskoranir og tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf, sérstaklega hvað varðar nýjar leiðir til kolefnisjöfnunar og fjármögnunar loftslagsverkefna.

Á haustmánuðum 2023 var boðað til samráðsfundar með hagaðilum, þar með talið fulltrúum samtakanna. Í ljósi umtalsverðrar þróunar var efnt til annars minni fundar með fulltrúum SA haustið 2024. Í kjölfar þessa deildu samtökin viðhorfskönnun með félagsmönnum um kolefnismarkaði og viðskipti með kolefniseiningar, og voru niðurstöðurnar kynntar starfshópnum sem vann skýrsluna. Könnunin leiddi í ljós að 87,5% fyrirtækja töldu óljóst hvenær þeim væri heimilt að hefja kaup á kolefniseiningum. Meirihluti fyrirtækja sem tóku þátt höfðu ekki markað sérstaka stefnu þegar kom að kaupum- og sölu eininga né hverskonar einingar það ættu að vera. Þá komu fram athugasemdir varðandi mat á því hvenær fyrirtæki teldust hafa gert fullnægjandi tilraunir til að draga úr losun, auk áherslu á mikilvægi einfaldleika í regluverki.

Samtökin leggja ríka áherslu á nauðsyn þess að skilgreina hugtakið kolefniseining í löggjöf og skýra með ótvíræðum hætti hvenær fyrirtækjum er heimilt að kaupa slíkar einingar. Náin samvinna við atvinnulífið er talin grundvallarforsenda við mótun lagafrumvarps um kolefnisskrár til að tryggja skilvirkni og framkvæmanleika reglna. Atvinnulífið býr yfir mikilvægri reynslu og þekkingu sem nýta þarf við mótun lagarammans. Samtökin fagna því að faggilding verði á höndum einkaaðila og leggja áherslu á að markaðurinn verði alþjóðlegur, enda er slíkt grundvallaratriði fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og styður við markmið 6. gr. Parísarsamningsins um alþjóðlega samvinnu í loftslagsmálum. Því fagna samtökin sérstaklega tillögu B1 á bls 50 að æskilegt sé að hugtakið kolefniseining verði skilgreint í lögum sem og tillögu B2 á bls 31 þar sem starfshópurinn leggur til að unnið verði lagafrumvarp í samvinnu við atvinnulífið um kolefnisskrár með það að markmiði að setja almenna umgjörð um slíka starfsemi.

Þá beina samtökin því til stjórnvalda að horfa í auknum mæli til innleiðingar á grænum hvötum í tengslum við kolefniseiningar. Öflugt samráð og samvinna milli stjórnvalda og atvinnulífs við útfærslu slíkra hvata er líklegt til að hafa jákvæð áhrif og benda samtökin á tillögu C3 um mögulegar ívilnanir vegna kaupa á kolefniseiningum sem dæmi þar sem slíkt samstarf gæti skilað góðum árangri.

Valkvæðir kolefnismarkaðir geta skapað ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, ekki síst á sviði kolefnis- föngunar og förgunar (CCS), eins og verkefni Carbfix og Climeworks eru glögg dæmi um. Aðild íslenskra fyrirtækja að alþjóðlegum mörkuðum með kolefniseiningar og markaðsgildi íslenskra eininga, byggir m.a. á notkun staðla og vottunarkerfa sem eru viðurkennd alþjóðlega. Fyrir fyrirtæki sem standa frammi fyrir aukinni alþjóðlegri samkeppni um sjálfbærni geta þessi markaðstækifæri verið lykilkþáttur í framtíðarskipulagi og falið í sér tækifæri á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Stjórnvöld ættu því að beina athygli sinni að því að gera íslenskum aðilum kleift að taka þátt í alþjóðlegum mörkuðum. Samtökin telja tillögu C.2 um að takmarka útflutning á alþjóðlegum kolefniseiningum (ITMOs) frá Íslandi vera óskýra og varhugaverða. Mikilvægt er að endurskoða þessa tillögu, ekki síst í ljósi þess að loftslagsvandinn er ekki staðbundinn heldur hnattrænt viðfangsefni sem kallar á alþjóðlegar lausnir. Takmörkun á viðskiptum með kolefniseiningar milli landa gæti dregið úr skilvirkni alþjóðlegra aðgerða í loftslagsmálum og skaðað samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Hins vegar er ljóst að fyrirtæki geta þurft að bera aukinn kostnað af þátttöku í kolefnismörkuðum. Mikilvægt er að tryggja að valfrelsi ríki um slíka þátttöku. Óvissa varðandi regluverk, sérstaklega hvað varðar útflutning eininga eða þátttöku í 6. gr. Parísarsamningsins, getur hamlað fjárfestingum á þessu sviði. Mikilvægt er að samhliða mögulegum breytingum á lagaumhverfi verði hugað að kostnaði við aðlögun og innleiðingu krafna, sem og samræmingu við núverandi kröfur sem hvíla á fyrirtækjum. Við mótun nýs regluverks er mikilvægt að gæta samræmis við núgildandi kröfur sem hvíla á fyrirtækjum, til að forðast tvíverknað og óþarfa stjórnsýslubyrði."

Samtökin telja brýnt að Ísland nýti sérstöðu sína í hreinni orku og kolefnisbindingu til að laða að fjárfesta og skapa samkeppnisforskot fyrir íslensk fyrirtæki á alþjóðamörkuðum. Þátttaka í alþjóðlegum markaðskerfum á grundvelli 6. gr. Parísarsamningsins getur eflt alþjóðasamstarf og bætt aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld reynist vakandi fyrir þeim tækifærum sem felast í alþjóðlegum mörkuðum með kolefniseiningar fyrir íslenskt atvinnulíf. Aukin áhersla á hvata til þróunar nýrra lausna í kolefnis föngun og förgun ásamt öðrum loftslagsaðgerðum getur örvað nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Skýrslan felur í sér mikilvæg tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf en krefst um leið aðgerða og aðlögunar sem kallar á stuðning stjórnvalda og samstarf stjórnvalda og atvinnulífs. Samtökin telja því mikilvægt að stjórnvöld vinni í nánú samráði við atvinnulífið að því að tryggja að nýjar reglur og viðmið séu sanngjarnar og styðji jafnt við nýsköpun og samkeppnishæfni héraendra fyrirtækja.

Að lokum telja samtökin að skýrslan marki mikilvæg skref við mótun þessa markaðar, þar sem tækifærin geta verið umtalsverð. Forsenda þess að þau nýtist er þó skýr lagaleg umgjörð, ekki síst varðandi skilgreiningu kolefniseininga, að markaðurinn verði valfrjáls og að tryggð verði alþjóðleg vidd hans. Með þessum hætti getur Ísland nýtt sérstöðu sína á sviði hreinnar orku og kolefnisbindingar. Samtökin eru reiðubúin til áframhaldandi samráðs við mótun nauðsynlegs lagaramma.

Virðingarfullst,

f.h. SAF - Samtök ferðaþjónustunnar

Ágúst Elvar Bjarnason

Ágúst Elvar Bjarnason

f.h. ~~Samtaka~~ atvinnulífsins

Kristín Þöll S. Sigurðardóttir

Kristín Þöll S. Sigurðardóttir

f.h. SVP - ~~Samtaka~~ verslunar- og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

Kristinn Már Reynisson

f.h. SFS – Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Hildur Hauksdóttir

Hildur Hauksdóttir